



Stjórn SSH 402. fundur

Mánudaginn 5. maí 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.
Forföll: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Guðný Ívarsdóttir

Ennfremur satfundinn framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Páll Hjaltason formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Eiríkur Bjarnason forstöðumaður hjá Vegagerðinni sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lá bréf Vegagerðarinnar frá 16. apríl sl. með athugasemdum Vegagerðarinnar við fyrirbyggjandi tillögu að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið, sem og drög að svörum við þeim athugasemdum. Hvoru tveggja var til umfjöllunar á fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins föstudaginn 2. maí sl.

Umræður

Niðurstaða:

Í framhaldi umræðna og yfirferðar á fundinum liggur fyrir að þörf er á frekara samtali milli aðila til að ná fram niðurstöðu sem mætir sjónarmiðum beggja. Formaður stjórnar SSH og vegamálastjóri munu í sameiningu leita leiða til að ná fram ásættanlegri niðurstöðu.

2. Skólaakstur fyrir fatlað fólk.

Reynir Kristinsson ráðgjafi sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Framkvæmdastjóri upplýsti að í kjölfar uppsagnar Allrahanda á samningi um skólaakstur fyrir fatlað fólk sé unnið að því að fella þennan akstur undir heildarsamkomulag sveitarfélaganna um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Gert sé ráð fyrir að þessi akstur verði boðinn út samhliða heildarútbóði í haust, en að skólaakstur skv. nýju fyrirkomulagi hefjist þó ekki fyrr en á miðju næsta ári. Í ljósi þessa hafa staðið yfir viðræður við Allrahanda um að brúa bilið með framlengingu á núgildandi samningi.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóri og ráðgjafi taka saman frekari upplýsingar um málið og senda á aðildarsveitarfélögin.

3. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013 – staða og verklok.

Rætt um stöðu verkefna, framvindu og verklok. Ennfremur um kynningu á heildarniðurstöðum þegar þær liggja fyrir

Niðurstaða:

Gert er ráð fyrir að kynning á lokaniðurstöðum verkefna verði að afloknum sumarleyfum

4. Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Frestun frá síðasta fundi.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur að í stað einhliða ákvörðunar um breytt fyrirkomulag og breytingar á sýslumannsembættum á höfuðborgarsvæðinu hefði verið farsælla að eiga samtal og samstarf við sveitarfélögin um málið. Slíkt samtal hefði geta leitt fram hugmyndir og lausnir við fyrirkomulag þjónustunnar sem fælu í sér enn betri möguleika til hagræðingar og eflingar á nærþjónustu, m.a. með samstarfi við sveitarfélögin um tiltekna þjónustubætti.

Stefnt að næsta stjórnarfundum föstudaginn 6. júní nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55